

16,3

Å R S S K Y R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi 1978.

INNGANGUR.

Undirritaður tók við starfi sínu sem skógarvörður í Vestfirðingafjörð-
ungi hinum forna hinn 1. maí, 1978., en gegndi jafnframt fyrra starfi til
15. júní. Slík mannaskipti í byrjun vertíðar eru auðvitað óheppileg, því að
þeim sem við tekur gefst ekki tóm til þess að skipuleggja starf sitt sem
skyldi. Var því ekki um að ræða en að hafa rekstur með svipuðu sniði og á
undanförnum árum. Daníel Kristjánsson var mér hjálplegur við ráðningu fólks,
sem flestallt hafði unnið við skógræktarstörf áður. Var það mér ómetanlegt.

A starfssvæði mínu er um 41% af birkiskóglendi landsins, eða um það
bil 52.000 hektarar. Þar eru 20 girðingar í eigu eða umsjá Skógræktar rík-
isins. Samanlögd lengd þeirra er um 50 km og flatarmál innan þeirra rúm-
lega 800 hektarar, að því að ætla má, en kort er aðeins til af tveimur. A
starfssvæðinu eru starfandi 11 skógræktarfélög og eru á þeirra vegum um 60
stærri og smærri skógræktargirðingar. Eins og nærri má geta, er fjærri því
að mér hafi tekist að gera mér glögga grein fyrir stöðu skógræktarinnar í
umdæminu á einu sumri. Er ég þó allvel kunnugur þessum héruðum frá því áður.

VEÐRÁTTA.

Veturinn verður að teljast fremur snjólféttur, enda þótt mikinn snjó
setti niður með köflum. Klaki var því víða mikill í jörðu. Í Norðtunguskógi
fór klaki úr græðireitnum í maílok, en í skóginum fór klakinn sumsstaðar
ekki fyrr en í júnílok. Tafði það nokkuð fyrir gróðursetningu. Júní var kald-
ur, en júlí, ágúst og september góðir. Mun hitafar sumarsins hafa verið rétt
undir meðallagi. Í nóvember setti niður mikinn snjó, en hann tók mestan upp
í mánaðarlokin. Síðan var blíðviðri fram undir jól. Þá gerði allmikið frost
á auða jörð og stóð það fram yfir jól. Rétt fyrir áramótin gerði svo mik-
inn snjó.

VÖXTUR TRJÁA O.FL.

Birkí laufgaðist mjög seint. Norðtunguskógor gat varla talist fulllauf-
gaður fyrr en um 17. júní, en Jafnaskarðsskógor um viku af júní.

Barrtré voru mjög gul eftir veturinn, einkum rauðgreni. Fóru þau mjög
seint af stað, en samt verður að telja að sumarvöxturinn hafi í heild sinni
verið í góðu meðallagi. Yfirleitt má segja, að vöxtur barrtrjáa á Vestfirð-
um hafi tekið mikinn kipp á síðustu árum, er ótlit þeirra allt miklu vænlegra
en það var fyrir nokkrum árum.

“Ótjörð greri mjög seint en spratt lengi fram eftir sumri.

STARFSFÓLK.

Birgir Hauksson, sem verið hafði verkstjóri árið 1977, var verkstjóri í sumar. Starfaði hann síðan allt árið í samráði við skógræktarstjóra, og verður hann væntanlega fastráðinn á næsta ári. Auk hanns og ráðskonu, voru hér sumarlangt 2 piltar og 4 stúlkur og konur. Vinna byrjaði 29. maí og lauk 8. september. Eins og á undanförnum árum var gert hlé í hálfan mánuð um mitt sumar (22/7 - 8/8), en þessi háttur hefur verið hafður á vegna þess, að verulegur hluti starfsfólkssins, sem er úr nærliggjandi sveitum, hefur ráðið sig með þeim skilyrðum, og hefur þá verið við heyskap heima hjá sér. Hvort þessi háttur verði hafður á, fer eftir því hvort starfsfólk fáist úr nærliggjandi sveitum eða ekki. Það er mikill kostur að losna við að starfrækja matarfélag um helgar, og geta keyrt fólkid heim.

Við jölatrjáatöku störfuðum við Birgir ásamt einum manni og tveimur stúlkum, sem voru eina viku.

GIRDINGAR.

Farið var með öllum girðingum í Mýrasýslu og á Laugabóli, en ekki annars staðar. Enn hef ég ekki gert neina heildarúttekt á girðingum, en ljóst er að þar er mikil verk framundan á næstu árum. Mundi vera nægt verkefni, þótt ekki væri öðru sinnt. Brýnast er að endur byggja 2ja km kafla í Jafnaskardsgirðingu, sem ekki þolir neina bið.

Þá er nauðsynlegt að taka ákvörðun um nokkrar girðingar. Munaðarnes-girðing er afar léleg og þyrfti að endurgirða hana að mestu. Enginn samningur er til milli landeiganda og Skógræktar ríkisins, og varla hægt að fara út í kostnaðarsamar framkvæmdir, nema hann verði gerður. Skógar í Porskafirði eru í eigu Baháí-safnaðarins, en girðingin og viðhaldhennar verið kostað af Skógrækt ríkisins. Verður að gera samning við söfnuðinn, ef framhald á að verða. Í Botni í Geirþjófsfirði er girðing í eigu Skógræktar ríkisins, en landið er nú í eign Landgræðslusjóðs. Enginn samningur er um þetta land. Þar er hús, sem vel mætti gera þannig úr garði með littum tilkostnaði, að það gæti hentad sem viðleguhús, en það liggur undir skemmdum eins og er. Árangur af skógrækt á þessum stað er markverður, en grisjun hefur verið vanrækt, og liggur mikil undir skemmdum.

GRISJUN.

A liðnum árum hefur öll áhersla verið lögð á gróðursetningu í girðingar á Vesturlandi. Yfirleitt hefur ekki verið grisjað fyrirfram og hefur það vald ið því, að grisjað hefur verið eins lítið og mögulegt var, til þess að koma plöntunum niður tímanlega. Síðan hefur grisjun og fráklipping verið látin sitja á hakanum af ýmsum ástæðum, sem ekki skal getið hér.

Síðastliðið sumar var aðaláhersla lögð á grisjun og fráklippingu í Norðtunguskógi og Jafnaskarðsskógi. Reynt var að komast yfir eins mikið og hægt var, með eins líftilli vinnu og mögulegt var. Má segja, að um hreint björgunarstarf væri að ræða. Samt var ekki hægt að komast yfir nema brot af því, sem nauðsynlegt hefði verið í þessum girðingum. Svipaða sögu er að segja um aðrar girðingar Skógræktar ríkisins, þar sem eitthvað hefur verið plantað að ráði. Híð sama gildir um allflestir girðingar skógræktarfélaganna, þar sem gróðursett hefur verið í skóglendi. Þeir held að forráðamenn skógræktarfélaganna geri sér alls ekki grein fyrir því hvað þetta er orðið yfirþyrmandi vandamál, né heldur hinu hve kostnaðarsamt það verður að sinna þessu nauðsynlega viðhaldi.

ABURÐARGJÖF.

I annari viku ágústmánaðar var borið á þau júlatré, sem fella átti, en þau höfðu þá verið merkt um 500 talsins. Trén tóku vel við, og höfðu þau í septemberlok náð góðum lit yfirleitt. Seinnipartinn í október tók ég eftir því, æð trén höfðu gulnað, en þó mjög misjafnlega mikið. Þetta lagaðist ekki. Mér þykir sennilegt, að þessari gulnun hafi valdið mjög snarpt frost, sem kom aðfaranótt 9. október, en það mældist + 10° C. Áberandi var, að tré í góðu skjóli gulnuðu miklu minna en hin.

GRÆÐIREITUR.

Eftirfarandi plöntur voru afhentar úr reitnum:

Viðja	2.650
Brekkuvíðir	520
Birki (hnauspl.) ..	26
Reyniv. "	26
Broddf. "	5
Rauðgr. "	12

Úr skóginum voru seldar 25 hnausplöntur af stafafuru og 1 af sitkagreni.

Eftirfarandi var sett í reitinn sem væntanlegar garðplöntur:

Alaskavíðir	650
Gulvíðir ..	500
Brekkuvíðir	50
Alaskaösp .	500
Blágreni 1/3	750
Lerkí 1/2	500

Til afhendingar úr græðireitnum næsta vor eru eftirfarandi plöntur:

Birki, Hallormsstað	2/3	1.350
Rauðgreni B804	2/3	16.200
Stafafura B 854, Haines	2/3	9.400
Viðja	Ø/4	700
"	0/3	2.700
Reyniviður (stórar) ...		350

Oft hefur verið rætt um framtíð græðireitsins í Norðtunguskógi. Mín skoðun er sú, að rétt sé að starfrækja hann áfram, og beri þá einkum að rækta þar garðplöntur. Aðrar tegundir koma þó fyllilega til greina, einkum rauðgreni og stafafura og aðrar frostþolnar tegundir.

GRÓÐURSETNING.

Gróðursett var þessu sinni nær eingöngu í Norðtunguskógi. Þar voru settar eftirfarandi plöntur:

Stafafura, Smithers B679	1.640	✓	2/3	V
" Skagway B 907	9.000	✓	1/2	V
" " B 890	1.200	✓	2/2	T
" Haines B 854	2.Ø00	✓	2/2	T
Blágreni, Highw.S. B825	1.600	✓	1/3	V
<hr/>				
	<u>15.440</u>			

Í Jafnaskarðsskógi vor settar 70 pl. Blágreni Highw.S. B 825.

Eins og áður er getið, hefur mikil áhersla verið lögð á gróðursetningu á Vesturlandi. Aðeins á einum stað hafa gróðurstningar verið kortlagðar, og þó á mjög ófullkominn hátt, hér er því geysimikið verkefni framundan. Tel ég að nauðsynlegt sé að draga mikið úr gróðursetningum á næstu árum og láta viðhaldið sitja fyrir, nema stórauknar fíjárveitingar komi til.

JÓLATRÉ.

Höggvin voru 384 jólatré, mest rauðgreni. Seldar voru 350 greinar af stafafuru og 300 kg af stafafurugreinum. Mun færri tré voru höggvin, en til stóð. Þar þar einkum tvennt til. Rauðgrenið gulnaði mikið um haustið, og ekki þótti fært að afhenda hluta af því, sem merkt hafði verið. Um það leyti sem byrjað var að höggva trén setti niður mikinn snjó og varð allt ófært. Festi ég þá kaup á snjóslæða til þess að geta dregið trén á sleða úr skóginum. En þá gerði svo mikla hláku, að ekki var hægt að nota sleðann. Hefði snjórinн haldist hefði verið hægt að tína til talsvert magn af trjám á sleðanum, en því var ekki að heilsa. Tilkostnaður varð mun meiri en áætlað var. Ég hef áður getið þess, að borið var á þau tré, sem merkt voru.

FERÐALÖG.

Mest allt sumarið var ég á ferðalögum um umdæmi mitt, einkum þó í Mýrasýslu þar sem flestar girðingar eru. Eina ferð fór ég á bíl um Vestfirði, og gerði ég mér einkum far um að skoða girðingar, sem ég hafði ekki séð áður og hitta forráðamenn skógræktarfélaga. Tvær ferðir fór ég flugleiðis til Ísafjarðar til þess að leiðbeina um grisjun og fleira. Að öðru leyti vísa ég til ferða- og akstursskýrslna. Mér er hinsvegar ljóst, að ef vel á að vera, þyrfti ég að ferðast mun meira, ef ég á að sinna skógræktarfélöum og annari leiðbeiningarstarfsemi.

Í júníðlok sátti ég Norræna skógræktarþingið í Oslo, og hafði af því bæði gagn og ánægju. Í október sat ég heimsþing skógræktarmanna í Jakarta í Indónesíu og dvaldist þar 8 daga. Var það mjög fróðlegt, og hitti ég þar mikið af skógræktarmönnum, sem gagnlegt var að kynnast.

NIÐURLAG.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjárveitingar til skógræktar í Vesturlandsumdæmi hafa verið í lágmarki hin síðustu árin. Hafa þær raunar ekki dugað til annars en smástarfsemi yfir hásumarið. Skal nú nefnt sumt af því, sem nauðsynlegt er að gera.

Miðstöð starfsins hefur verið í Norðtunguskógi, en þar er óeinangrað íveruhús, sem reist var 1956. Í samráði við skógræktarstjóra létt ég gera teikningar að breytingum og viðbót við húsið. Verður allt húsið einangrað, hreinlætisaðstaða sett og setustofa fyrir starfsfólk. Verður þá hægt að nota húsið allt árið. Verður þessu væntanlega lokið fyrir vorið.

Í Jafnaskarðskógi er kofi með tveimur herbergjum. Hann er óeinangraður og kaldur. Nauðsynlegt er að setja þar upp einangrað viðleghús, en ekki þarf það að vera stórt.

Í græðireitnum í Norðtungu eru aðeins til handverkfæri. Að vísu er þar ógangfær tætari, en hann þyrfti að senda á byggðasafn. Dráttarvél er engin til né heldur vagn. Á þessu þarf að ráða bót hið fyrsta.

Til er biðreið af Toyota gerð til fólksflutninga. Hún dugar vel yfir sumarið, en um leið og færð spillist, er hún til einskis nýt. Svo sem kunnugt er, greiða hrépparnir helming snjómoksturs, veldur þetta því að mokað er eins sjaldan og framast er unnt. Moksturinn er miðaður við það að mjólkurbílar komist leiðar sinnar, vegirnir gerðir "jeppafærir", eins og kallað er. Ef starfsemin færðist í það horf að starfa meira allt árið, þá yrði nauðsynlegt að fá bíl, sem dugar til vetrarferða.

Að næsta ári er fyrirhugað að senda Birgi Hauksson á skógvinnunámskeið í Noregi. Verða þá væntanlega keyptar kjarrsagir og önnur nauðsynleg verkfæri.

Haukur Ragnarsen